

# Er rétt að pissa í skóinn?

Eftir Runólf Ólafsson

FÍB gæti ekki verið meira sammála þeim orðum Sigþórs Sigurðssonar, formanns félags verktaka, að ráðast eigi í sem mestar vegafremkvæmdir og það sem fyrst. Sigþór hnykkti á þessari skoðun sinni í grein númer tvö hér í Morgunblaðinu, en í leiðinni gagnrýndi hann FÍB enn og aftur fyrir að vera á móti vegatollum. Sigþór heldur því fram að með þessari afstöðu sinni komi FÍB í veg fyrir að stórfremkvæmdir í vegagerð verði boðnar út. Lífsnaudsýnlegt sé fyrir verktaka að fá þessi verkefni.

FÍB hefur lengi barist fyrir þeim úrbótum í vegamálum sem Sigþór vill fá í gang. Hins vegar telur FÍB út í hött að fjármagna slíkar framkvæmdir með vegatollum á leiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu næstu áratugin. FÍB er ekki eitt um þessa skoðun. Á einni viku söfnuðust rúmlega 40 þúsund undirskriftir gegn hugmyndinni um vegatolla. Sveitarstjórnir mótmæltu einnig harðlega.

Innanríkisráðherra brást við með því að segja að án vegatolla yrði ekki ráðist í þessar framkvæmdir og sló þær út af borðinu.

FÍB og formann verktaka greinir á um þessa fjármögnunarleidi. Formaður verktaka telur sjálfsagt að skuldsætja vegfarendur áratugi fram í tímann um 40 milljarða króna, ef Vaðlaheiðargöngur eru meðtalin. Það muni bjarga atvinnugreininni.

FÍB bendir á að nú þegar borga vegfarendur meira en nóg til að fá að komast leiðar sinnar. Á síbasta



Runólfur Ólafsson

ári voru útgjöld ríkisins til vegamála um 19 milljarðar króna. Tekjur af bílum og bílanotkun voru 42 milljarðar. Með fyrirhuguðum vegatollum var áformað að auka skattheimtuna á vegfarendur um 3-5 milljarða króna á ári.

Vissulega er hart í ári hjá verktökum líkt og í mörgum öðrum at-

» Í þessu máli stendur FÍB líkt og ávallt áður með hagsmunum vegfarenda – bæði til lengri og skemmri tíma.

vinnugreinum. En FÍB sér lítið rétt-læti í því að koma verktökum á blüssandi fart með því að fallast á skuldbindingu fyrir vegatollum sem allir vita að aldrei verður hætt að innheimta. Ríkið gefur nefnilega aldrei eftir tekjulindir. Verktakar líkt og aðrir verða að þreyja þorrann og góuna líkt og við hin. Þeir mega heldur ekki horfa framhjá því að þrátt fyrir samdrátt verða nýframkvæmdir í vegamálum fyrir sex milljarða á þessu ári og annað eins í viðhald og endurbætur.

Í þessu máli stendur FÍB líkt og ávallt áður með hagsmunum vegfarenda – bæði til lengri og skemmri tíma. Það að fallast á vegatolla til að flyta vegafremkvæmdum – sem eru margar hverjar þar að auki óþarflega viðamiklar og dýrar – er bara að pissa í skóinn sinn.

Höfundur er framkvæmdastjóri FÍB.

## Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið birtir alla útgáfudaga aðsendar umræðugreinar frá lesendum. Blaðið áskilur sér rétt til að hafna greinum, stytta texta í samræði við höfundana og ákveða hvort grein birtist í umræðunni eða í bréfum til blaðsins.

Blaðið birtir ekki greinar, sem eru skrifaðar fyrst og fremst til að kynna starfsemi einstakra stofnana, fyrirtækja eða samtaka eða til að kynna viðburði, svo sem fundi og ráðstefnur.

### Innsendikerfið

Þeir sem þurfa að senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Formið má m.a. finna undir Morgunblaðs-

hausnum efst t.h. á forsiðu mbl.is. Einnig er hægt að slá inn slóðina [www.mbl.is/sendagreinar](http://www.mbl.is/sendagreinar).

Ekki er lengur tekið við greinum sem sendar eru í tölvupósti og greinar sem sendar eru á aðra miðla eru ekki birtar.

Í fyrsta skipti sem formið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið, en næst þegar kerfið er notað er nóg að slá inn netfang og lykilorð og er þá notandasvæðið virkt.

Ekki er hægt að senda inn lengri grein en sem nemur þeirri hámarks lengd sem gefin er upp fyrir hvern efnisþátt en boðið er upp á birtingu lengri greina á vefnum.

Nánari upplýsingar gefur starfsfólk greinaeildar.

# Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. mars 2011 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olúggjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaaðlagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skatttranssóknarstjóra, ofgreiddri uppþót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tejkuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldendna.

Athugi skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldendna. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfengisgjald, fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2011

### Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Sýslumaðurinn á Akranesi  
Sýslumaðurinn í Borgarnesi  
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi  
Sýslumaðurinn í Búðardal  
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Sýslumaðurinn á Hólmavík

Sýslumaðurinn á Siglufirði

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Sýslumaðurinn á Blönduvísi

Sýslumaðurinn á Akureyri

Sýslumaðurinn á Húsavík

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði

Sýslumaðurinn á Höfn

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Sýslumaðurinn á Selfossi

Sýslumaðurinn í Vík

Sýslumaðurinn á Hvalsvíli



Morgunblaðið  
magnar upp daginn



*Þú munt ekki þessara myndu.*

Karl Berndsen verður í verslun okkar  
Optical Studio, frá kl. 19.30, og veitir góð  
ráð við val á gleraugnaumgjörðum.  
Konur eru sérstaklega velkomnar.

**Optical Studio**  
SMÁRALIND  
MIU MIU • ROBERT CAVALLI • LINDBERG